

Sp.

114. Tillaga til þingsályktunar

um kaup og innflutning á heyvinnuvélum og öðrum nauðsynlegum landbúnaðarvélum fyrir næsta sumar.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jón Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um eftir ýtrustu getu, að fluttar verði til landsins nauðsynlegar heyvinnuvélar, svo sem sláttuvélar, rakstrarvélar og aðrar vélar, sem nauðsynlegar eru til þess að viðhalda landbúnaðarframleiðslunni.

Greinargerð.

Siðan stríðið hófst, hafa miklir örðugleikar verið á því að fá til landsins nægilegar vélar, sem nauðsynlegar eru íslenskum landbúnaði. Bar mest á vöntun slíkra véla á síðast liðnu sumri, enda mikið af heyvinnuvélum, sem flutt var frá Norðurlöndum fyrir stríð, orðið slitið og úr sér gengið. Það hefur mikla þýðingu fyrir hag og afkomu bóndans og landbúnaðarins yfirleitt, að bændur hafi þær nauðsynlegustu vélar, sem nota þarf við heyöflun. Verði ekki með einhverjum ráðum bætt úr því ástandi, sem nú er að verða meðal bænda í þessu efni, er sýnt, að búin hljóta að ganga saman og allur búrekstur að vera dýrari en holti er. Þess vegna er það nauðsynlegt, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, að útflutningur fái á nauðsynlegum búvélum í Bandaríkjunum eða Kanada og feli viðskiptanefndinni að vinna með dugnaði og festu í þessu máli, svo að þeir bændur, sem nú eiga aðeins gamlar og ónýtar búvélar, geti endurnýjað þær.